

Ísfélag Vestmannaeyja – FES
Páll Scheving
Strandvegi 28
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 16. júní 2021
UST202101-132/gf
08.10.02

Varðar reglubundið eftirlit 2021 – fiskimjölsverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja FES í Vestmannaeyjum.

Þann 19.3.2021 fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja FES í Vestmannaeyjum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ný frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Tvö eldri frávik eru enn opin. Mælingar á losun í frárennsli á makrílvertíð (sjá ákvæði í grein 5.2 í starfsleyfi) verður gerð í ár og hefur þá verið mælt á öllum fjórum vertíðum (helstu tegundir bræðslufisks) fiskimjölsverksmiðjunnar. Frávikinu verður lokað þegar niðurstöður mælinga hafa borist. Eins er opið frávik vegna þess að niðurstöður árlegra mælinga í frárennsli hafa ekki staðist losunarmörk fyrir fitu og COD. Farið er fram á að ný tímasett úrbótaáætlun verði send stofnuninni.

Fráviki vegna ryks í útblæstri er hér með lokað.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu. Ábending til rekstraraðila var gerð um að merkja geyma og lagnir með fastanúmerum svo betra sé að halda skikki á mælingum og gögnum sem um þá berast og ábending um að nýta frávikaskráningar félagsins við þjálfun starfsmanna og læra af óhöppum og „nærri því óhöppum“.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna losunar á fitu og COD í frárennsli svo losunarmörk séu haldin. Þetta er gert í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7.7.2021.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur